

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Eyja- og Miklaholtshreppi.

1. gr.

Eyja- og Miklaholtshreppi er heimilt að leggja á sérstakt seyrulosunar-, sorphirðu- og sorpeyðingargjald samkvæmt samþykkt um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Eyja- og Miklaholtshreppi. Gjöldin eru lögð á árlega og innheimt samhliða fasteignaskatti.

2. gr.

Sorphirðu- og sorpeyðingargjald.

Árlegt gjald er kr. 79.587 miðað við 2 tunnur við hvert hús.

3. gr.

Seyrulosunargjald.

Árlegt gjald fyrir tæmingu á rotþró 4.000 l og minni er kr. 14.271 fyrir hverja rotþró og fyrir tæmingu á rotþró 4.001 l eða stærri kr. 23.856 fyrir hverja rotþró.

4. gr.

Annað.

Árlegt gjald fyrir sorphirðu, sorpeyðingu og seyrulosun uppfærist í janúar ár hvert og mun taka mið af vísitölu neysluverðs til verðtryggingar (560,9 stig í janúar 2023).

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps og staðfest skv. 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 229/2013.

Eyja- og Miklaholtshreppi, 15. desember 2022.

Sigurbjörg Ottesen oddviti.

B-deild – Útgáfudagur: 21. mars 2023